

Samþykkt um bílastæðasjóð Kópavogsbæjar

1. Gr

Stofnun og hlutverk sjóðsins

Bílastæðasjóður er í eigu Kópavogsbæjar. Bæjarstjórn Kópavogs skipar bílastæðanefnd sem fer með málefni bílastæðasjóðs og starfar í umboði bæjarstjórnar með þeim hætti sem nánar er kveðið á um í samþykkt þessari. Verkefni sjóðsins eru m. a. að sjá um eftirlit með bifreiðastöðum í Kópavogi skv. nánari heimild þar um, reka stöðumæla við götur bæjarfélagsins og reka sérstök bílastæði eftir því sem tilefni er til.

Sjóðnum er heimilt að stofna til samstarfs við þjónustu- og hagsmunaaðila í Kópavogi sem varða verkefni sjóðsins eins og þau eru skilgreind 1. mgr. Samningar sem kunna að verða gerðir þar um skulu samþykktir af bílastæðanefnd.

2. gr

Rekstur bílastæðasjóðs

Til bílastæðasjóðs skulu m.a. renna tekjur af leigu bílastæða, hvort sem er innan húss eða utan, til skemmri eða lengri tíma. Um getur verið að ræða tekjur af bílastæðakortum, stæðum (gjaldmælar eða önnur greiðslukerfi), bílastæðahúsum, leigutekjur af sérstökum stæðum o.fl. Jafnframt tekjur vegna stöðubrotsgjalda eða greiddra bílastæðagjalda húsbyggjenda þegar eigandi fasteignar fullnægir ekki kröfum byggingarreglugerðar um bílastæði á lóð sinni skv. sérstakri ákvörðun þar um.

Enn fremur getur verið um að ræða framlög úr bæjarsjóði.

Tekjum Bílastæðasjóðs skal varið til rekstrar sjóðsins og í samræmi við heimildir umferðarlaga.

3. gr.

Hlutverk bílastæðanefndar og bílastæðasjóðs

Bílastæðanefnd stýrir öllum málefnum sjóðsins og leggur fyrir bæjarráð tillögur að breytingum sem bæjarráð þarf að staðfesta skv. umferðarlögum eða nánari ákvæðum samþykktar þessarar.

Bílastæðasjóður annast framkvæmd stefnu og verkefna sjóðsins. Einnig sér Bílastæðasjóður um samskipti við stjórnslu og stofnanir bæjarins.

Ágreiningi um hvort tiltekið mál heyri undir bílastæðanefnd ber að vísa til bæjarráðs.

4. gr

Skipan bílastæðanefndar, verkstjórn og verkaskipting

Bílastæðanefnd skal skipuð að lágmarki fimm nefndarmönnum ákveðið af bæjarstjórn. Bæjarstjórn getur þó ákveðið að áður skipuð nefnd, sem fer með umferðar- og samgöngumál í Kópavogi sinni starfi nefndarinnar.

Formaður bílastæðanefndar er í forsvari fyrir nefndina um stefnumótun og ákvarðanir hennar, eftir því sem við á, og hefur ásamt öðrum fulltrúum í nefndinni eftirlit með framkvæmd mótaðrar stefnu í málaflokknum.

Umhverfissvið Kópavogsbæjar ber ábyrgð á framkvæmd ákvarðana bílastæðanefndar ásamt rekstri og stjórnslu bílastæðasjóðs, þ.m.t. að fjármál og starfsmannamál séu í samræmi við stefnu bæjaryfirvalda.

5. gr.

Boðun funda og fundarsköp

Bílastæðanefnd heldur að jafnaði einn fund í mánuði. Formaður getur boðað til aukafunda eftir þörfum. Fella má niður fundi ráðsins árlega í allt að tvo mánuði. Formaður boðar til funda, ákveður dagskrá í samráði við umhverfissvið og stýrir fundum bílastæðanefndar.

Á dagskrá skulu m.a. tekin fyrir mál sem fulltrúar í nefndinni hafa óskað eftir að tekin verði þar fyrir, enda séu þau á verksviði bílastæðanefndar.

Heimilt er að taka mál til meðferðar í bílastæðanefnd þótt ekki sé það tilgreint í útsendri dagskrá, en skylt er þá að fresta afgreiðslu þess til næsta fundar sé þess óskað. Starfsmaður umhverfissviðs skal sitja fundi bílastæðanefndar, með málfrelsi og tillögurétt. Þá getur nefndin boðað til fundar einstaka starfsmenn.

6. gr.

Rekstur bílastæða og svæða.

Bílastæðanefnd ákveður hvar á götum og svæðum, sem skilgreind eru sem bílastæði af skipulagsyfirvöldum, skuli setja gjaldskyldu. Þá getur bílastæðanefnd fyrir hönd Bílastæðasjóðs samið um gjaldtöku og rekstur á stæðum og svæðum.

7. gr.

Tekjur bílastæðasjóðs

Tekjur af rekstri bílastæða og svæða renna í bílastæðasjóð. Bílastæðanefnd ákveður upphæð gjalds fyrir stöðu ökutækis á bílastæðum og svæðum.

8. gr.

Ákvæði um gjaldskyldu

Bílastæðanefnd ákveður tegund gjalds (m.a. tímaleigugjald eða fast gjald), hversu lengi ökutæki megi standa þar og á hvaða tíma gjaldskylda er. Lögreglustjóri getur breytt ákvæðum um gjaldskyldu í takmarkaðan tíma þegar sérstaklega stendur á. Skal það gert í samráði við bílastæðasjóð.

9. gr.

Sérstök stæði fyrir stærri ökutæki og/eða vagna

Kópavogsbær annast gerð og rekstur sérstakra bílastæða fyrir ökutæki sem bannað er samkvæmt 19. grein lögreglusamþykktar fyrir Kópavogsbæ að leggja á götum eða almennum bílastæðum bæjarins.

Bílastæðanefnd getur ákveðið að notendur bílastæðanna skuli greiða fasta mánaðarleigu fyrir afnot þeirra og skal þá gefa leyfi til lagningar til kynna með miða á framrúðu viðkomandi ökutækis eða á annan sannanlegan hátt. Séu þau notuð í heimildarleysi skal greiða aukastöðugjald fyrir notkunina.

10. gr.

Stöðubrot

Sérstakir stöðuverðir á vegum Þjónustumiðstöðvar Kópavogsbæjar eða aðili sem bílastæðanefnd hefur samið við sjá um eftirlit með stöðu bíla á bílastæðum við stöðumæla og annars staðar. Þeir skulu líta eftir því að notendur stöðumæla hafi greitt tilskilinn stöðugjöld og sömuleiðis þeir sem leggja bílum á bílastæðum þar sem gjaldskylda er. Jafnframt skulu þeir líta eftir því að bílum og öðrum ökutækjum sé

ekki lagt ólöglega sbr. 108. grein umferðarlaga nr. 50/1987. Stöðuvörðum er heimilt að leggja gjaldmiða á bíla til innheimtu gjalda vegna stöðubrota.

Stöðubrotagjöld eru tvenns konar. Annars vegar aukastöðugjöld sem eru vegna brota á reglum um notkun stöðureita og hins vegar stöðubrotsgjöld vegna ólöglegra lagninga skv. nánari heimildum umferðarlaga.

11. gr.

Gjaldtaka

Bæjarráð ákveður fjárhæð aukastöðugjalda og stöðubrotagjalds að fenginni tillögu bílastæðanefndar. Gjöld þessi skal greiða innan 14 daga frá álagningu. Tilkynning um gjald er í formi kröfu. Sé gjald samkvæmt 108. grein umferðarlaga ekki greitt innan 14 daga hækkar það um 50%.

Kröfubréf skulu send til þeirra sem ekki greiða innan greinds frests. Verði gjöld samkvæmt 10. gr. ekki greidd innan 14 daga er heimilt að beita ákvæðum 109. greinar umferðarlaga nr. 50/ 1987 við innheimtu þeirra.

12. gr.

Gildistaka

Samþykkt þessi er sett með heimild í 2. mgr. 83. gr. og 3. mgr. 108. gr. umferðalaga nr. 50/1987 og tekur gildi þegar í stað.